

Mánudaginn 17. september 1990.

Nr. 328/1990. Ákærvaldið

gegn

Rósu Dröfn Sigurðardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Vistun skv. læknisráði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. september 1990 og krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Hinn 6. september 1990 var tekin fyrir í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, krafa réttargæslumanns varnaraðila um, að hún yrði leyst úr gæsluvarðhaldi. Krafan var á því reist, að varnaraðili væri þunguð, og henni til stuðnings vísað til 4. töluliðar 69. gr. laga nr. 74/1974. Fulltrúi ríkissaksóknara kvaðst ekki hreyfa andmælum við kröfunni með vísan til þeirra gagna, er fyrir lægju, en þau voru, auk kröfugerðar, bréf sakadóms til Fangelsismálastofnunar ríkisins og svar hennar, vottorð um þungunarpróf og endurrit gæsluvarðhaldsúrskurðar frá 31. maí 1990. Með vísan til þessa ákvað dómariinn, að varnaraðili skyldi látin laus úr gæsluvarðhaldi. Dómpingi var síðan slitið kl. 11.17.

Sakadómur var strax settur á ný og tekin fyrir krafa ákærvaldsins um, að varnaraðili yrði „úrskurðuð til geymslu skv. heimild í 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974“. Fulltrúi ríkissaksóknara krafðist þess nú, að varnaraðila yrði gert að sæta „geymslu skv. læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað, með þeim hætti að heilsu hennar sé borgið“, allt til þess, er lokadómur gengi í máli hennar. Engin ný gögn voru lögð fram. Af hálfu varnaraðila var kröfunni

andmælt og krafist frávísunar vegna vanreifunar. Af hálfu ákærvalds var því lýst yfir, að gögn til stuðnings kröfunni lægju fyrir „í formi fyrrverandi gæsluvarðhaldsúrskurðar og þeirra gagna sem lögð voru fram í málinu í dag“. Dómarinn tók sér nú ákvörðunar-frest og lét þess jafnframt getið, að varnaraðili væri frjáls ferða sinna. Dómpingi var síðan slitið kl. 11.35.

Að morgni næsta dags kom Sigurður Árnason fangelsislæknir fyrir sakadóm og lýsti aðstæðum í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi. Síðan var bókað: „Vitnið tekur fram af gefnu tilefni, að svör þess séu almenn, en eigi ekki við um varnaraðila sérstaklega. Hann geti þó upplýst, að hann hafi ekki skoðað varnaraðila sérstaklega vegna þungunar hennar. Eðli málsins samkvæmt yrði að rannsaka ástand varnaraðila af sérfræðingi í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.“

Frekari gagna var ekki aflað, áður en hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 10. september. Nokkur ný gögn hafa síðan verið lögð fram, þar á meðal vottorð Þórðar Óskarssonar, sérfræðings á kvennadeild Landspítalans, 12. september, er staðfestir þungun varnaraðila.

II.

Eftir að sakadómur hafði tekið ákvörðun um, að varnaraðili yrði látinn laus úr gæsluvarðhaldi því, er hún hafði sætt samkvæmt úrskurði dómsins frá 31. maí 1990, gat eigi orðið um frekara gæsluvarðhald að ræða samkvæmt þeim úrskurði.

Krafa ákærvalds í máli þessu er ósamrýmanleg því, að eigi var af þess hálfu hreyft andmælum við kröfu varnaraðila um, að hún yrði látin laus.

Eftir að krafa varnaraðila kom fram, var ákærvaldinu rétt að krefjast þess strax, að gæsluvist varnaraðila færi samkvæmt ákvæði 4. töluliðar 69. gr. laga nr. 74/1974, og fá frest til öflunar gagna, þar á meðal ráðs sérfræðings í kvenlækningum um heilsufar og vistun varnaraðila. Þetta var ekki gert, og hefur álitsergerðar í þessu efni enn ekki verið aflað.

Við svo búið verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður skipuðum réttargæslumanni varnaraðila dæmd þóknun úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Þóknun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
